



**Sýnatökuferð í Kröflu 1981-08-25 - 28**

**Gestur Gíslason, Jón Benjamínsson**

**Greinargerð GG-JBen-81/04**

Sýnatökuferð í Kröflu 1981-08-25 - 28

Megintilgangur ferðarinnar var að mæla meðburð yfir skiljum í tengslum við athuganir sem Matthías Matthíasson og Valdimar K. Jónsson gerðu á gufuveitu og skiljum. Þeim athugunum hefur þegar verið gerð skil í skýrslu þeirra félaga frá 26. ágúst 1981.

Þá var einnig tekið sýni úr KJ-11 og hún aflmæld. Niðurstöður má sjá í eftirfarandi töflu.

Sýni nr	Dags	Po bar	Vatnsfasi				Gufufasi			Ho kJ/kg	Qr kg/sek	Gufa 1bar kg/sek	Gufa 7bar kg/sek
			pH/°C	CO <sub>2</sub>	H <sub>2</sub> S	SiO <sub>2</sub>	Gas%	CO <sub>2</sub>	H <sub>2</sub> S				
1070	81-08-27	4,7	7,98/25	223	24,7	635	2,0	20460	102	2498	3,8	3,5	3,4

Við athugun á KJ-14 kom í ljós, að leki var kominn að þrýstimæliröri, eins og bent er á í greinargerð HÁ og GE frá 1981-08-25 og eru því seinustu aflmælingar þeirra varhugaverðar. Komið var í veg fyrir lekann og einnig sett þrengri blenda í útblásturslegginn til þess að hækka toppþrýsting (P.). Þá voru og aflmældar holur 8 og 16. Niðurstöður mælinga eru í eftirfarandi töflu:

Hóla nr	Dags	Po bar	Ho	Qr	Gufa 1bar	Gufa 7bar
			kJ/kg	kg/sek	kg/sek	kg/sek
KG-8	810828	4,2	823	15,6		
KJ-14	810828	25,5	2634	13,0	12,5	12,1
KJ-16	810828	6,4	1717	7,5	4,2	3,7

Nú hafa allar holur, sem unnt er að láta blása á svæðinu verið aflmældar og tekin úr þeim sýni undanfarnar 2 vikur að undanskilinni KJ-6, en vegna leka í hljóðdeyfislögn og stíflu í frárennsli frá hljóðdeyfi er ekki unnt að aflmæla holuna. Til stendur að lagfæra þetta, og mun hola þá verða aflmæld og sýni tekið.

28. ágúst 1981

Gestur Gíslason  
Jón Benjamínsson